

Þriðjudagskvöldið 13 ágúst 2013 kl. 19.30 kom fjallskilanefnd Auðkúluheiðar til fundar á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Farið var í gerð fjárhagsáætlunar og niðurröðunar fjallskila fyrir haustið. Til áætlunar eru 11353 einingar. Í hrossa hólfu eru 239 hross. Hvert hross gerir 5 einingar. Ákveðið var að hækka lægra dagsverk úr 12600 kr. 13200 kr. og hærra dagsverk úr 16000 kr. í 16800 kr. Einingar á bak við hvern gangnamann í heiðargöngur eru 197. Hver eining er 340 kr.

Fjallskilastjóri kynnti afrit af bréfi frá landeigendum á Sauðadal til nefndar sem skipuð var af hreppsnefnd 8 ágúst 2012 til að vinna að tillögum um fyrirkomulag smölunar og girðingaviðhalds á Sauðadal. Fjallskilanefnd harmar að ekki sé vilji hjá landeigendum á Sauðadal til að gera samkomulag við sveitafélagið um fyrirkomulag smölunar og viðhalds girðinga á dalnum. Því tók nefndin fjallskilanefndin þá ákvörðun að öll fjallskil á Sauðadal sem tilheyra fjallskiladeild Auðkúluheiðar verði lögð á landeigendur Sauðadals nú í haust.

Fleira ekki gert .

Fundi slitið.

Júlíus Óskarsson, Jón Gíslason, Sigurður Árnason.